

Landlæknisembættið

Suðurströnd

170 Seltjarnarnesi

Efni: Kvörtun vegna heilbrigðisþjónustu á LSH.

Undirrituð Auðbjörg Reynisdóttir kt. : Melabraut 9 Seltjarnarnesi óska hér með eftir skýringum á greiningum og meðferð á LSH, deild B2 Taugalækningadeild Fossvogi, sem fór fram á tímabilinu 5. maí til 20. maí 2010 í kjölfar heilablóðfalls þann 4. maí (blóðtappa í hægra heilahveli með vinstri lömum). Umkvörtunarefni tengjast einnig endurhæfingu sem fór fram á Grensásdeild frá 20. maí til 16. júlí 2010. Ég óska hér með eftir að farið verði yfir sjúkrasöguna í þessari legu og metið af óháðum aðila hvort allar greiningar og meðferð hafi verið í eðlilegu samhengi.

Stutt sjúkrasaga:

Þann 4. maí 2010 fékk ég undirrituð heilablóðfall (blóðtappa), var flutt með sjúkrabíl á Slysadeild, Fossvogi þar sem ég fékk TPA meðferð með mínu samþykki eftir að búið var að ganga úr skugga um að einkennin stöfuðu ekki af blæðingu. Ég var flutt á gjörgæsludeild sama kvöld og síðan daginn eftir á B2, heila- og taugalækningadeild, Fossvogi. Einkenni gengu ótrúlega hratt til baka. Ýmsar rannsóknir voru gerðar í kjölfarið til að finna upptök og afleiðingar tappans en lítið virtist koma út úr því. Þar á meðal var gerð þann 7. maí segulómun af lungnaæðum (með skuggaefni). Þann dag var mér sagt að myndin hefði sýnt allt eðlilegt. Þann 10. maí var mér tilkynnt að á myndunum hefði sést blóðtappi í vinstra lunga og byrjað var gefa mér blóðþynningarsprautur (Fragmin), í framhaldi var ákveðið að gefa mér langtíma blóðþynningarmeðferð (Kóvar). Aðfaranótt 11. maí versnar mér aftur. Þ.e. einkenni blóðfallsins versnuðu og ný MRI þann 12. maí (að mig minnir) sýndi stækkun á heiladrepi frá fyrri mynd sem tekin var 5. maí. Engar skýringar voru gefnar á versnandi ástandi og erfitt var að fá eðlileg svör við spurningum mínum og aðstandenda minna. Aðstandendur urðu varir við breytingar á minni líðan þegar þeir komu til mín á B2 en fengu engin svör að heitið getur frá starfsfólki (engin þeirra var látin vita af breytingunni). Þetta kom þeim verulega á óvart þar

sem farið var að tala um útskrift yfir á Grensás um þetta leiti. Álagi og sumarleifum var borið við eða vísað á næstu vakt.

Spurningar:

1. Hvers vegna voru niðurstöður sömu lungnarannsóknarinnar mismunandi 7. og 10. maí? Og hvaða hættu skapaðist við þetta?
2. Meðferðin breyttist miðað við niðurstöðuna 10. maí. Ef sama meðferð hefði byrjað 7. maí hefði það breytt einhverju um líðan mína þann 11. maí og þar á eftir? Sömu einkenni komu aftur þ.e. v. lömum, ásamt fleiri einkennum sem voru mér erfið t.d. hélt ég ekki þvagi. Þessi einkenni tók mun lengri tíma að ganga til baka en fyrri einkenni frá 4. maí?
3. Aðstandendur voru ekki upplýstir um breytingu á líðan minni sem skapaði talsvert óöryggi og spurningar sem eiga stóran þátt í að þessi kvörtun er rituð. Var þetta eðlileg afgreiðsla mála? Ég velti því fyrir mér hvort hægt væri að fá óháðan aðila til að fara yfir þetta en ég veit að enginn slík ferli er á sjúkrahúsunum því þarf maður sjálfur að vinna í slíku sem ekki er gerlegt á meðan maður er að ná heilsu á ný. Ég gat því miður ekkert frekar í þessari hugmynd. Það er ekki ásættanlegt að geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér á svona tímum. Eðlilegt væri að sjúkrahúsin hefðu ákveðin skilgreind ferli þegar svona athugasemdir vakna í sjúkralegu. Spurningar mínar og aðstandenda sköpuðu talverð varnarviðbrögð hjá starfsfólki í stað þess leitast væri eftir að leysa málið á eðlilegan hátt. Aldrei var haldin fjölskyldufundur í legu minni á B2 þrátt fyrir óskir mínar og þær væntingar sem starfsfólk gaf mér í þeim efnunum.
4. Á Grensásdeild strax við innritun er rætt um að fá mat taugasálfræðings á skerðingu minni. Þegar mig fór að lengja eftir viðtali við taugasálfræðinginn kom í ljós að ég átti ekki viðtal fyrr en miðjan júlí eða um það leiti sem ég átti að útskrifast. Þetta þótti mér ekki faglegt né eðlilegt og fór fram á að því yrði flýtt eða fengin taugasálfræðingur utan úr bæ til að ganga í málið. Ég var ekki tilbúin að ljúka endurhæfingu áður en slíkt mat lægi fyrir þar sem ég er í mjög krefjandi fullu starfi og einstæð móðir er þetta gerðist. Daginn eftir að ég kvartaði var ég boðuð í viðtal og

matið klárað á innan við viku. Ég spurði hvað olli því að ég komst allt í einu að en hefði annars þurft að bíða til útskriftar. Svarið var “ við bara fórum yfir listann, einn var tekinn út”. Var þetta í rétt og eðlileg skýring eða afsökun?

Seltjarnarnesi 30. júní 2010

Auðbjörg Reynisdóttir I
170 Seltjarnarnesi. Sími

TRÚNARÐARM!